

SIÐAREGLUR AKTA SJÓÐA HF. Útgáfudagsetning 25. maí 2020

Siðareglur þessar gilda um alla starfsemi og starfsmenn Akta sjóða hf., og þá verktaka sem ráðnir eru til að sinna tilteknum verkefnum fyrir félagið. Starfsmenn skulu við upphaf starfs hjá Akta sjóðum hf. staðfesta að þeir hafi kynnt sér reglur þessar. Reglunum er ætlað að leiðbeina starfsmönnum við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni rekstrarfélagsins og viðskiptavina þess að leiðarljósi. Reglunum er jafnframt ætlað að viðhalda og styrkja orðspor og trúverðugleika rekstrarfélagsins.

Við sinnum störfum okkar af heiðarleika og förum eftir lögum, reglum og viðmiðum sem gilda um starfsemi félagsins. Við erum heiðarleg í samskiptum við viðskiptavini, samstarfsmenn og aðra hagsmunaaðila. Við komum fram við viðskiptavini og samstarfsmenn af virðingu og sýnum sanngirni og gætum jafnræðis í störfum okkar. Við tökum ekki þátt í vinnu eða verkefnum sem kastað geta rýrd á orðspor rekstrarfélagsins og dregið úr trausti á því. Við mismunum ekki á ólögmætum eða ómálefnalegum forsendum. Við sækjum þá fræðslu og þjálfun sem nauðsynleg er til að geta sinnt störfum okkar með sem bestum hætti og byggjum þannig upp og viðhöldum faglegri þekkingu.

Við gerum grein fyrir þeim atriðum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum í störfum okkar. Við upplýsum yfirmenn okkar um atriði sem geta haft áhrif á sjálfstæði, hlutleysi eða skyldu okkar við rekstrarfélagið og viðskiptavini þess. Þegar hagsmunaárekstrar koma upp tökum við á þeim í samræmi við reglur rekstrarfélagsins um hagsmunaárekstra. Við hvorki þiggjum né bjóðum gjafir, greiða eða aðra umbun sem er til þess fallin að hafa áhrif á sjálfstæði eða hlutleysi viðkomandi og samræmist ekki reglum rekstrarfélagsins.

Við virðum trúnað er varðar hagi viðskiptamanna sem og önnur atriði sem við fáum vitneskju um í starfi okkar. Við nýtum ekki upplýsingar sem við fáum í störfum okkar í eigin þágu eða vandamanna okkar.

Við kappkostum að veita viðskiptavininum réttar, skýrar, uppfærðar og áreiðanlegar upplýsingar og gætum þess við gerð markaðs- og kynningarefnis.

Samþykktar af stjórn Akta sjóða hf. 25. maí 2020



Edda Guðrún Sverrisdóttir

